

STJÓRNARTÍÐINDI B 125 – 2005

21. október 2005

1937

Nr. 924

REGLUGERÐ

um vigtun og skráningu norsk íslenskrar síldar við veiðar á sumargotssíld.

1. gr.

Vigtunarleyfishafi sem tekur á móti síld eða skipstjóri skips sem vinnur afla um borð skal taka sýni úr afla svo sem mælt er fyrir um í 2. gr. Niðurstaða sýnatöku skal lögð til grundvallar við ákvörðun magns og skráningu síldartegunda.

2. gr.

Sýni skulu tekin úr hverjum farmi skips hjá vigtunarleyfishafa og úr hverju kasti um borð í skipi sem vinnur afla um borð. Sýnataka skal fara fram fyrir stærðarflokkun afla og framkvæmd þannig að tekið skal eitt 100 sílda sýni í úrtak fyrir hverjar 100 lestir. Þó skal að lágmarki taka samtals 200 síldar og að hámarki 400 síldar. Hvert sýni skal aðgreint til tegunda í samræmi við kynþroskastig.

Skipstjóri skal ávallt áætla aflamagn og eftir atvikum tilkynna það til vigtunarleyfishafa fyrir löndun.

3. gr.

Í hverju sýni skal magn hvernar síldartegundar vigtað og talið og uppreiknað með tilliti til heildarafla hvernar löndunar. Hver síldartegund skal skráð til afla viðkomandi fiskiskips í aflaskráningarkerfi Fiskistofu. Allar niðurstöður mælinga skulu skráðar á sérstök eyðublöð sem skulu varðveitt í a.m.k. tvö ár.

4. gr.

Um vigtun og skráningu síldarafla gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 552, 18. ágúst 1998, um vigtun sjávarafla.

5 gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt IV. kafla laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum og VI. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Fiskistofa skal afturkalla leyfi til vigtunar ef vigtunarleyfishafi, starfsmenn hans eða aðrir þeir sem starfa í hans þágu brjóta gegn ákvæðum þessarar reglugerðar. Þá skal Fiski-

stofa svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni ef útgerð, áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa brjóta gegn ákvæðum þessarar reglugerðar.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum, og laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 21. október 2005.

Einar K. Guðfinnsson.

Vilhjálmur Egilsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, stækkun miðsvæðis við Strandgötu.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. október 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, 4. september 1998.

Breytingin felst í því að miðsvæði sunnan Strandgötu, austan Glerárgötu, stækkar um 35 m til austurs út í Pollinn á nýrri landfyllingu. Afmörkun miðsvæðis gagnvart hafnarsvæði breytist til samræmis við fyrirbyggjandi tillögu að menningarhúsi sem ráðgert er að rísi á miðsvæðinu. Einnig er skilgreind umferðartenging svæðisins við Strandgötu. Lenging Torfunesbryggju verður styttri en áður var gert ráð fyrir og hafnarsvæðið verður tvískipt þar sem lóð menningarhúss nær fram á sjávarbakka.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 21. október 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.